

24.2.2022

Umsögn sóttvarnalæknis um nýtt frumvarp til sóttvarnalaga lagt fram á 152. löggjafarþingi 2021-2022.

Sóttvarnalæknir fagnar þessu nýja frumvarpi og telur að mjög margt sé þar til bóta umfram núverandi sóttvarnalög. Sérstaklega er rétt að nefna þau atriði sem lúta að því að skýra stjórnarsýslulega stöðu sóttvarnalæknis og nýtt fyrirkomulag sem mótar tillögur til ráðherra þegar vá steðjar að almannaheill (farsóttarnefnd). Hins vegar eru allmargar spurningar og athugasemdir sem vakna við lestur þessa frumvarps sem ég tel rétt að komi fram.

Einnig er rétt að benda á að í frumvarðinu eru ný verkefni færð á hendur sóttvarnalækni t.d. leyfisveiting fyrir starfsemi rannsóknarstofa, eftirlit með lækningatækjum og samvinna við ýmsa aðila og stofnanir í samfélaginu. Þannig mun verksvið og starfsemi sóttvarnalæknis aukast verulega frá því sem nú er. Hins vegar er ekkert um það í frumvarpinu hvernig sóttvarnalæknir á að geta tryggt að hann geti sinnt öllum þessum hlutverkum. Ekkert er getið um hvernig hann á að ráða til sín fólk eða hvort hann fær sérstaka fjárveitingu fyrir sína starfsemi. Einungis er sagt að hann sé ráðinn af ráðherra en sé staðsettur innan embættis landlæknis. Verður það á ábyrgð landlæknis að tryggja að sóttvarnlæknir muni geta gert allt það sem lögin krefja að hann geri eins og verið hefur til þessa?

1. gr

Engar sérstakar athugasemdir við markmið laganna nema veit ekki hver munurinn er á „fyrirbyggja“ og „koma í veg fyrir“.

2. og 3. gr.

Hér er fjallað um gildissvið laganna og þá sjúkdóma sem lögin taka til. Það er ekki alveg ljóst hvaða sjúkdóma lögin ná yfir en í 2. grein er talað um: „varnir gegn smitsjúkdómum, alvarlegum sjúkdómum, samfélagslega hættulegum sjúkdómum og sjúkdómsvöldum“. Í orðskýringum er samfélagslega hættulegur sjúkdómur skilgreindur sem: „Alvarlegur sjúkdómur sem veldur eða getur valdið alvarlegri röskun á mikilvægum störfum, innviðum samfélagsins og/eða sem leitt getur til verulega aukins álags á heilbrigðiskerfið verði hann útbreiddur í samfélaginu „. Er hér verið að tala um smitsjúkdóm eða einhverja aðra sjúkdóma. Eins og ég skil frumvarpið þá er um að ræða smitsjúkdóma, sjúkdóma af völdum eiturefna, geislavirkra efna og óvænta atburði.

Hvenær falla sjúkdómar af völdum eiturefna undir sóttvarnalækni? Það þarf að skýra. Er það þegar umfangið er mikið eða er um að ræða einhver ákveðin eiturefni. Sem dæmi þá eru margir sem telja að foam dýnur í rúmum séu heilsuspillandi vegna eiturefna og falli því undir eftirlitshlutverk sóttvarnalæknis. Þannig þarf að skýra betur hlutverk sóttvarnalæknis í eftirliti með eiturefnum og hugsanlega geislavirkum efnum en þar er skörun við verksvið Geislavarna Ríkisins.

4. gr.

Ég á erfitt með skilja að hægt sé að skilgreina heilsugfarslegar afleiðingar eiturefna og geislavirkra efna sem smitsjúkdóm eins og gert er í lið 11.

5. gr.

Í þessari grein er fjallað um yfirstjórn sóttvarna. Ég hef engar athugasemir við að ráðherra skipi sóttvarnalæknis en spurningin sem vaknar er hvort þá sé hægt að tala um embætti sóttvarnalæknis? Það þarf að mínu mati að skýra betur hver sé stjórnskipleg staða sóttvarnalæknis innan embættis landlæknis. Mun sóttvarnalæknir ráða til sín sitt starfsfólk eða verður það á ábyrgð landlæknis? Mun sóttvarnalæknir hafa til umráða sinn eigin fjárlagalið?

7. gr.

Hér er fjallað um samstarfsnefnd um sóttvarnir og tilgreint hverji eiga að vera í nefndinni. Spurning hvort fulltúi heilbrigðiseftirlits eigi ekki að vera þar inni líka. Að vísu er hægt að kalla fulltrúa heilbrigðiseftirlita inn eftir þörfum en ég tel að sterkara væri að hafa þeirra fulltrúa tilgreinda.

8. og 9. gr.

Í þessum greinum er fjallað um nýja nefnd sem sett verður á laggirnar og nefnist farsóttanefnd. Nefndin á skv. frumvarpinu að koma í stað sóttvarnaráðs. Ég hef nokkrar áhyggjur af skipan nefndarinnar en þar vantar fagaðila með sérþekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði. Að vísu er sóttvarnalæknir formaður nefndarinnar en aðrir í nefndinni eru ekki fagaðilar nema landlæknir. Hvernig á að tryggja að ráðleggingar til ráðherra verði á faglegum nótum þegar einungis einn faglegur aðili (sóttvarnalæknir) verður í nefndinni? Hvað gerist ef sóttvarnalæknir lendir í minnihluta varðandi skilgreiningu á samfélagslegum hættulegum sjúkdómi og ráðleggingum til ráðherra? Getur sóttvarnalæknir sent eigin tillögur ef honum líkar ekki niðurstaða nefndarinnar?

Ég hefði talið betra að hafa inni í nefndinni fleiri fagaðila eins og yfirlækni smitsjúkdómadeildar Landspítalans og yfirmann Miðstöðvar lýðheilsuvísanda við HÍ.

Ég hefði einnig talið betra að afgreiðsla nefndarinnar yrði sem mest á faglegum nótum en stjórnsýsluleg umfjöllun yrði meira á hendi ráðherra.

10. gr.

Í þessari grein er fjallað um samvinnu stofnana. Hér er nefnt að sóttvarnalæknir skuli í starfi sínu eiga samstarf við marga aðila þ.á.m. aðila innan velferðarþjónustu. Hvað er átt við með velferðarþjónustu og hverjir eru þessir aðilar?

11. gr.

Í þessari grein er fjallað um farsóttarskrá og væntanlega er henni ætlað að koma í stað smitsjúkdómaskrár eins og hún er kölluð í núverandi sóttvarnalögum. Ekki er ljóst hvaða upplýsingar eiga að geymast í farsóttaskrá. Er það sóttvarnalæknis að ákveða?

15. gr.

Í þessari grein er fjallað um og kveðið á um að sóttvarnalæknir gefi út starfsleyfi fyrir rannsóknastofur sem fást við rannsóknir á smitsjúkdómum. Þetta er nýmæli og ekki ljóst

hvernig sóttvarnalæknir á að afla sér sérfræðiþekkingar á þessum málaflokki. Hvernig á að skilja að eftirlitshlutverk landlæknis og eftirlitshlutverk sóttvarnalæknis með þessum rannsóknarstofum?

16. gr.

Í þessari grein er fjallað um jafnræði og meðalhóf þegar opinberum sóttvarnaráðstöfunum er beitt. Ekki er ljóst hvernig sóttvarnalæknir á að tryggja að jafnræði og meðalhóf verði tryggt í slíkum aðstæðum. Ég hefði talið að það sé hlutverk ráðuneytis að tryggja að jafnræði og meðalhóf sé trygg þegar ráðuneytið setur reglugerðir um sóttvarnaráðstafanir.

18. gr.

Í þessari grein er fjallað um upplýsingaskyldu stjórnvalda og talað um að sóttvarnaryfirvöld skuli stuðla að upplýsingagjöf til almennings. Hver er skilgreiningin á sóttvarnaryfirvöldum?

20. gr.

Í þessri grein er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga vegna opinberra sóttvarnaráðstafana.

Hér þyrfti að tilgreina kröfur til sóttvarnalæknis um að gera vinnslusamninga við ýmsa aðila.

23. gr.

Í þessari grein er fjallað um málsmeðferð frelsissviptingar. Hér er sagt að sóttvarnalæknir eða löglærður fulltrúi embættis landlæknis sé talinn sóknaraðili málsins. Hvernig má vera að fulltrúi embættis landlæknis geti talist sóknaraðili mála? Hvernig verður þá aðskilnaði sóttvarnalæknis og landlæknis háttað? Á sóttvarnalæknir að geta leitað til lögfræðinga utan embættis landlæknis.

29. gr.

Hér er fjallað um sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á smitsjúkdómum til eða frá Íslandi. Ég teldi fara vel á því hér væri vísað í alþjóðaheilbrigðisreglugerðina.

37. gr.

Hér er fjallað um göngudeildir smitsjúkdóma. Hvar eiga þessar göngudeildir að vera? Hver sér um að svona göngudeildir séu starfræktar?

38. gr.

Í þessari grein er fjallað um öryggisbirgðahald. Hér er tilgreint að sóttvarnalæknir skuli hafa umsjón m.a. með lækningatækjum. Þetta er nýtt í sóttvarnalögum og ekki ljóst hvernig þetta hlutverk samrýmist hlutverki Lyfjastofnunar sem er nú með eftirlit með lækningatækjum. Er hér átt við einhver sérstök lækningatæki eða öll lækningatæki.

